



## Vorskýrsla 2020

Hanna Dóra Björnsdóttir ábyrgðarmaður  
Ragnheiður Sövik tók saman

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Skólaárið 2019-2020 .....	2
Annáll 2020 .....	4
Bókasafn Varmahlíðarskóla .....	8
Starfsskýrsla.....	8
Sumarlestur 2019.....	9
Byrjendalæsi .....	9
Endurmenntun.....	10
Fræðsla innan skólans .....	11
Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans.....	11
Félagsmál í 7. - 10. bekk.....	12
Árshátíð yngri nemenda.....	14
Árshátíð eldri nemenda – Slappaðu af.....	15
Eineltisáætlun Olweusar .....	17
Finnlandsferð 12. -17. október .....	17
Frístund .....	19
Gaman saman.....	20
Grettissund 2019.....	21
Heilsueflandi grunnskóli .....	23
Heilsugæsla .....	24
Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur mars 2020.....	24
Laugarvatn – dvöl 9. bekkjar haustið 2019 .....	25
Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk .....	25
Náms- og starfsráðgjöf.....	26
Nýsköpunarkeppni grunnskóla.....	26
Sérkennsla og stuðningur við nemendur .....	26
Skólahreysti 2019-2020 .....	29
Skólastarf á Covidtímum .....	29
Stóra upplestrarkeppnin .....	30
Tölvu- og upplýsingatækni .....	31
Valgreinar í 8. – 10. bekk.....	32
Vinaliðaverkefnið.....	33
Vorferðir.....	34
Skólaferðalag 1. og 2. bekkjar .....	34
Skólastarf og vorferð 3. – 6. bekkjar .....	35

## Inngangur

Vorskýrsla er hluti af skólanámskrá Varmahlíðarskóla. Í vorskýrslunni (ársskýrslu skólaársins) er fjallað um það sem hæst ber í starfsemi skólans 2019-2020. Vorskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess. Skýrslan er nokkurs konar svörun við starfsáætlun skólans frá hausti og samantekt á hvernig unnist hefur úr markmiðum og áformum sem þar var lagt upp með. Starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig má ávallt nálgast á heimasíðu ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans.

Í vorskýrslunni birtast skýrslur um öflugt og skapandi starf sem starfsfólk, nemendur og foreldrar eru stoltir af. Höfunda er getið við hverja greinagerð. Ragnheiði Sövik er þökkueð verkstjórn og utanumhald um efnisöflun í skýrsluna auk yfirlesturs á skýrslunni allri.

Stjórnendur og starfsfólk Varmahlíðarskóla þakkar öllum aðilum gott og gefandi samstarf á skólaárinu 2019-2020 og að venju hlökkum við til komandi verkefna.

## Skólaárið 2019-2020

Í Varmahlíðarskóla takast skagfirsk börn á við metnaðarfull verkefni, bæði í leik og starfi. Við væntum þess að skólastarfið sé framsækið en skólinn fái samt notið sjarma sinnar sérstöðu sem sveitaskóli. Varmahlíðarskóli er grunnskóli fyrir 1.-10. bekk, staðsettur í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi.

Skólasetning og fyrsti skóladagur var 23. ágúst. Skólastjóri ávarpaði nemendur í setustofu og bauð nemendur í 1. bekk sérstaklega velkomna. Allnokkrir foreldrar fylgdu börnum sínum af stað þennan fyrsta skóladag en flestir höfðu komið með skólabílum að morgni. Skóladagurinn var til klukkan 12:00 og almenn ánægja með að byrja skólaárið með þessum hætti.

Vorið 2020 voru nemendur skólans 105 talsins. Teymiskennsla var í 1.-3. bekk og að hluta til í 4.-6. bekk. Samkennsla var í 7.-8. bekk. Elstu tveimur árgöngunum var kennt hvorum fyrir sig.

**Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara**

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.	2	6	8	Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir
2.	2	11	13	Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir
3.	2	5	7	Birgitta Sveinsdóttir og Sara Gísladóttir
4.	8	5	13	Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Sigrún Benediktsdóttir
5.	4	6	10	Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Sigrún Benediktsdóttir
6.	6	5	11	Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Sigrún Benediktsdóttir
7.	6	5	11	Kristvina Gísladóttir
8.	3	3	6	Kristvina Gísladóttir
9.	8	6	14	Ólafur Atli Sindrason
10.	9	3	12	Helga Sigurðardóttir
<b>Samtals</b>	<b>50</b>	<b>55</b>	<b>105</b>	

Starfsmenn skólans voru 33 á skólaárinu. Stjórnendur voru þrjú til áramóta, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu en tveir eftir áramót. Kennarar með réttindi voru 15 að meðtöldum stjórnendum og einn leiðbeinandi í hlutastarfi við verkgreinakennslu. Stöðugildi til kennslu voru 12,59. Stuðningsfulltrúar voru þrjú í 2,53 stöðugildum, hluta skólaárs var aukið við stöðugildi stuðningsfulltrúa vegna sérverkefnis. Vegna opunar frístundar, heilsdagsskóla, fjölgaði skólaliðum í fimm í 4,4 stöðugildum. Einn þroskaþjálfari var í 100% starfi, námsráðgjafi í 50% starfi, ritari í 80% starfi og húsvörður í fullu starfi. Matráðar voru fjórir í 3,43 stöðugildum. Starfsmenn íþróttamiðstöðvar Varmahlíðar heyra ekki lengur undir stjórn skólans.

Guttormur Hrafn Stefánsson bættist í hóp skólaliða í ágúst og á sama tíma hóf Sara María Ásgeirsdóttir störf í mótuneyti. Trostan Agnarsson kennari var í leyfi á haustönn. Sara Regína Valdimarsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu var í leyfi á vorönn. Lára Gunndís Magnúsdóttir sinnti verkefnum deildarstjóra stoðþjónustu á vorönn með störfum sínum sem aðstoðarskólastjóri. Sif Káradóttir þroskaþjálfari var í leyfi á vorönn vegna náms og Sara María Ásgeirsdóttir fór í barneignarleyfi í maí.

Skólaárið var tvískipt, í haust- og vorönn sem lauk hvorri um sig með námsmati. Skólustarfið var fjölbreytt að vanda og ber skýrsla þessi því góðan vitnisburð. Allnokkuð var þó óhefðbundið á þessu skólaári eins og veður, veikindi og heimsfaraldur kórónuveirunnar.

Óveður setti strik í reikninginn vetrarmánuðina desember, janúar og febrúar. Þannig raskaði veður og færð skólahaldi meira en við eigum að venjast. Skóla var aflýst sjö og hálfan dag, auk þess sem akstur skólabíla féll niður stöku dag á einstaka leið. Um miðjan febrúar gekk síðan

skæð flensa og voru veikindi nemenda eina vikuna frá þriðjungu yfir í rúmlega helming barna. Faraldur kórónuveirunnar bylti síðan öllu skólastarfi frá miðjum mars. Þann 16. mars var settur auka starfsdagur í skólanum til að skipuleggja skólalald samkvæmt reglum samkomubanns. Nemendum skólans var skipt í 6 hópa og aðkoma þeirra í skólann aðskilin eins mikið og mögulegt var. Tveimur árgöngum var kennt saman í 1.-8. bekk en elstu hópunum, 9. og 10. bekk var kennt hvorum fyrir sig. Kennsla var endurskipulögð og forgangsraðað. Engir hópar áttu samneyti í frímínútum. Nemendur komu með nesti að heiman í morgunhressingu en fengu hádegismat, sem þeir snæddu í kennslustofunum, inn í stofurnar á vagni. Nemendur yngsta stigs mættu í skólann alla daga og frístund var opin fyrir nemendur í 1.-2. bekk. Í 5.-6. bekk mættu nemendur fjóra daga í viku, nemendur í 7.-9. bekk mættu tvo daga í viku en nemendur í 10. bekk mættu þrjá daga í viku. Þá daga sem nemendur mættu ekki í skólann var þeim ætlað að sinna námi að heiman. Ýmsar leiðir voru reyndar í fjarnámi og fjarkennslu en það kom sér vel að vera vel útbúin tækjum og þekkingu. Nokkuð var um beiðnir foreldra um að halda börnum heima í óvissuástandinu þar sem fólk valdi sjálfskipaða sóttkví í varúðarskyni. Einungis einnemandi þurfti að sæta sóttkví eftir heimkomu erlendis frá. Þriðjungur nemenda mætti ekkert í skólann þessar tæpu 7 vikur sem skólalald var skert. Frá 4. maí var hefðbundið skólastarf heimilað á ný og áframhaldandi leyfisbeiðnum nemenda var synjað.

Vegna samkomubanns voru skólaslit tvískipt. Nemendum í 1.-6. bekk voru afhent vitnisburðarblöð sín við litla athöfn í setustofu á síðasta skóladegi. Skólaslit nemenda í 7.-10. bekk og útskrift fór fram við hátíðlega athöfn í Miðgarði þann 28. maí. Einu gestirnir að þessu sinni voru aðstandendur útskriftarnemenda. Auk tölu skólastjóra fór aðstoðarskólastjóri með annál skólaársins, formenn 10. bekkjar fluttu ávörp, glæsileg tónlistaratriði nemenda settu hátíðlegan blæ á dagskrána og skólasöngurinn var sunginn við góðar undirtektir. Útskriftarnemendur tóku við útskriftarskírteinum og veittar voru viðurkenningar fyrir þátttöku í félagsstörfum og góðan námsárangur. Boðið var uppá kaffibolla og konfekt meðan á athöfn stóð.

*Varmahlíð, vor 2020*

*Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri*

## Annáll 2020

Nú er **fordæmalaust skólaár** senn á enda. Kannski líður okkur sumum eins og frosknum í rjómakönnunni sem reyndi að komast upp úr henni en rann alltaf tilbaka í sleipum rjómanum. En hann **gafst ekki upp** og þegar hann hafði synt í rjómanum lengi, lengi tók rjóminn á sig annan fasa, varð þykkur og þeyttur og froskurinn gat klifrað upp úr könnunni. Þessu skólaári má stundum líkja við að synda í rjómakönnu. En hér erum við nú, veturinn á enda og rjóminn þeyttur. Við klifrum upp úr könnunni og höldum á vit nýrra ævintýra.

Það er alltaf gott að líta yfir farinn veg á tímamótum eins og þessum. Við mættum hér í ágúst síðastliðnum og hófum skólaárið með **hreyfidögum**. Þannig hefur skólastarfið byrjað síðustu ár og okkur flestum hefur fundist það góð byrjun.

Boðið var upp á sirkuskennslu og ýmislegt fleira sprellað. Þessir hreyfidagar enduðu með **afmæli sundlaugarinnar** og voru það Lína og Trostan sem áttu veg og vanda að skipulaginu. Grettissund var þreytt og það var Steinar Óli Sigfússon sem náði titlinum að þessu sinni.

9. og 10. bekkur gengu í **Hildarsel** í október ásamt þeim Óla og Sigfríði. Ferðin var áskorun að venju og nemendur stóðust hana svo sannarlega.

Í skólanum þurfum við alltaf að vera við ýmsu búin og þess vegna þarf að halda **brunaæfingu** með reglulegu millibili og hún var einmitt í október. Að henni lokinni fór starfsmannahópurinn til Finnlands í skólaheimsóknir. Þar brá svo við að hópurinn þurfti að taka þátt í rýmingaræfingu í háskóla nokkrum í Lathi og því kom sér vel að verklag hafði nýlega verið æft hér í Varmahlíð.

9. bekkur fór í skólabúðir UMFÍ á Laugarvatni, prógramm sem er sérsniðið að nemendum til útivistar, hreyfingar og félagsfærni. Þessar ferðir hafa verið vel heppnaðar og nemendur ánægðir að þeim loknum. Sú var líka raunin nú í ár, nemendur komu sælir og reynslunni ríkari heim. Að þessu sinni stilltu Varmahlíðarskóli og Grunnskólinn austan Vatna saman strengi sína og fóru sem einn hópur í skólabúðirnar. Áætlunin er að endurtaka leikinn næsta haust fyrir verðandi 9. bekk.

**Árshátíð yngsta stigs** var haldin í byrjun nóvember þar sem nemendur sýndu **Kardimommubæinn**, skemmtilega og vel heppnaða sýningu undir leikstjórn Söru Gísladóttur. Nemendur sýndu hvað í þeim býr og skemmtu gestum sínum vel.

Eftir þá árshátíð var komið að því að huga að jólum. **Vinabekkir** skólans hittust í byrjun aðventu og unnu afar skemmtileg verkefni, **skreytingar á hurðir**. Ólafur snjókarl og tröllíð Grinch voru meðal þeirra myndefna sem prýddu hurðir í skólanum.

**Veðrið** setti strik í reikninginn í desember, röskun varð á fyrirhugaðri danskennslu og undirbúningi fyrir árshátíðaræfingar þegar stormur geisaði hér. Ingunn danskennari mátti þakka sínum sæla fyrir að komast heim til Dalvíkur áður en veðrið skall á og heima sátum við þrjá daga í röð. Það er ekki algengt að slíkt gerist en þetta var desember 2019. Jólabingó og piparkökuhúsakeppni voru með seinna móti vegna veðursins og af þeim sökum náðist ekki að sýna piparkökuhúsin í Olís eins og venja er. En litlu jólin komu með sínum hátíðleik og allir fóru svo heim í jólafrí.

Upp rann janúar og eftirvænting unglíngastigs var nokkur. Árshátíðarundirbúningur með tilheyrandi spennu hófst og enn setti veðrið okkur afarkosti. Skóladagar féllu út og fresta þurfti árshátíð um einn dag. En allt gekk þetta þó að lokum og sýningin **Slappaðu af** tókst með ágætum. Leikstjóri var Íris Olga Lúðvíksdóttir. Enn og aftur sýndu nemendur okkar og starfsfólk hvernig töfrar verða til þegar allir leggjast á eitt. Fréttir um **veiru** utan úr heimi voru í

órafjarlægð og á þessum tímapunkti þótti okkur veðrið nógu ógnandi, grunlaus um það sem beið okkar næstu mánuði.

Við héldum **þorrablót** að venju í janúar, nemendur og starfsfólk sporðrenndu hangikjöti, hrútsþungum og rófustöppu ásamt öðru góðgæti. Líkt og gerist á þorrablótum var sungið og spellað og nemendur 7. og 8. bekkjar fóru á kostum þegar þeir léku skólastýrurnar að gá til veðurs og meta möguleika sína á að komast heim og hvort horfur væru á enn einum frídegnum.

Í febrúar var **öskudagur** með nýju sniði hér í skólanum. Allir mættu í búningum þennan dag bæði nemendur og starfsfólk, metnaður var mikill og margir flottir. Sjá mátti Valla sem allir leita að, Jókerinn, prinsessur, hippa, fíla, fiðrildi, gellur, víkinga og fleiri fyrirbæri.

Vinabekkir voru saman í liði og hóparnir héldu um Varmahlíðarhverfið, sungu í fyrirtækjum og fengu nammi fyrir. Eftir það var haldin skemmtun á vegum foreldrafélagsins fyrir yngri börnin í íþróttahúsinu og eldri nemendur skemmtu sér undir stjórn nemendaráðs í skólanum. Það var mat flestra sem tóku þátt í þessum degi að hann hefði heppnast afar vel og hyggjumst við endurtaka leikinn að ári.

Farið var í **skíðaferð** í mars með alla nemendur skólans. Því miður var ferðin ekki alveg slysalaus fyrir alla nemendur. Flestir skemmtu sér þó og nutu útiverunnar, þrátt fyrir erfitt færi.

**Skólahreystiliðið** okkar stóð sig með mikilli þrýði þann 4. mars þegar það vann sinn riðil í undankeppninni á Akureyri. Þar stóðuð þið ykkur vel **Steinar Óli, Herdís, Óskar og Lydía**. Varamenn liðsins voru Þóra Emilía og Einar. Aðalkeppnin fer fram nú á laugardaginn og liðið okkar mun bruna suður til þátttöku. Keppnin er þó þeim takmörkunum háð að aðeins aðalmenn fara ásamt Línu og Kristvinu.

Í gær voru undanaúrslitunum á Akureyri gerð góð skil á RÚV í skemmtilegum þætti sem hægt er að nálgast á vefnum ef þið hafið misst af honum.

9. bekkur þreytti samræmd próf fyrir miðjan mars en í vikunni þar á eftir var allt breytt.

Þann 16. mars tóku við **aðrir og nýjir tímar** í skólastarfinu eins og þið vitið. Nýjar reglur tóku gildi og við brugðumst við þeim með ýmsum ráðum. Dagskipulag var með öðrum hætti en venjulega. Færri námsgreinar voru kenndar, hver námshópur í sinni stofu, inngangar voru aðskildir og reynt var að takmarka samneyti sem mest. Sumir komu færri daga í skólann en venjulega. Einhverjir nemendur stunduðu allt nám sitt að heiman. Mörgum fannst gaman að koma með nesti í morgunhressingu. Notaleg stemming skapaðist í kennslustofunum þegar matarvagnarnir komu með hádegismatinn og hver og einn naut matarins við sitt borð. Oft voru nestis- og matartímarnir notaðir í spjall eða hlustun á tónlist eða sögu. Stemmingin var önnur en við erum vön, framandi í fyrstu, en varð síðan eins eðlileg og hvað annað sem við

tileinkum okkur. Kennarar stóðu frammi fyrir **nýjum áskorunum** og nýttu tæknina við kennslu. Fundahöld starfsmanna fóru í gegnum tölvuskjái og það var skrítið að vinna með fólki í sama húsi en hitta það ekki nema í gegnum tölvu. Handþvottur og spritt, handþvottur og spritt og endalaus handþvottur og spritt. Þetta voru fordæmalausir tímar hér í skólanum líkt og í lífinu öllu. Á þessum vikum sýnduð þið nemendur og sönnuðuð hversu snjallir þið eruð að **tileinka ykkur tæknina** og við erum reynslunni ríkari. Vonandi tökum við góðu hlutina með okkur inn í næstu skólaár en minnug þess að nám með þessum takmörkunum gefur okkur aðra nálgun en nám sem stundað er í skólanum á hefðbundin hátt.

**Marþon 10. bekkjar** var um það bil það eina af hefðbundinni vordagskrá útskriftarárgangs sem hægt var að framkvæma að þessu sinni. Þó var það með þeim takmörkunum að foreldrar máttu ekki taka þátt en **starfsmenn skólans hjálpuðust** að við leggja sitt á vogarskálarnar til þess að hægt væri að halda marþonið. Sælir en þreyttir nemendur héldu heim að marþoni loknu með minningar um samveru næturlangt í íþróttahúsinu líkt og aðrir nemendur sem kvatt hafa þennan skóla síðastliðin ár.

**Skólaferðalög** báru keim af ástandinu. Nemendur 1. - 6. bekkjar ferðuðust innan héraðs í dagsferðum. 1. - 2. bekkur fóru í Krókinn, grilluðu í Litlaskógi og fengu ís. 3. - 6. bekkur fóru með nesti og gróðursettu í Aldamótaskóginum og luku deginum með bekkjarskemmtun. Aðrir nemendur fara í sín ferðalög í haust þegar lífið verður vonandi komið í eðlilegra horf en nú er. Ef vonir okkar rætast mun 10. bekkur fara í sína útskriftarferð í ágúst áður en aðrir og spennandi tímar hefjast hjá þeim á nýjum stöðum.

Síðustu skóladagarnir voru **þemadagar**, þar sem lögð var áhersla á hreyfingu. Nemendur spreyttu sig á ýmsum þrautum og leikjum. Umhverfisvernd var einnig hluti af þemanu, nemendur fóru í ruslatíslu og grisjun í skóginum. Starfsfólk skoraði á 10. bekk í brennibolta síðasta skóladaginn. Ekki verður fjölyrt um úrslitin hér en það er nokkuð ljóst að starfsfólk átti mun betri innkomu og að við tölum nú ekki um búningana. Þemadagar enduðu með vorhátíð og grilli.

**Ýmis gullkorn** verða til í skólastarfi og nú langar mig að endingu að deila með ykkur lítilli sögu. Ég átti leið niður í forstofu nú á dögnum til að ná tali af samstarfskonu. Þegar ég kom þangað **sat lítil stúlka á bekknum** við útidyrnar, hún hafði eitthvað meitt sig. Ég lauk erindi mínu og settist hjá henni. Þar sem við sátum og töluðum saman komu til okkar glaðbeittar jafnöldrur á hjólaskóm. Ég dáðist af skónum þeirra og segir þá önnur þeirra: mamma gaf mér skóna. Ég held að mamma mín mundi nú **ekki** gefa mér svona skó segir ég þá. Sú sem meiddi sig hætti snarlega að kjökra, lítur á mig stórum augum og segir: **Átt þú mömmu?** Ég þóttist vita hvað lægi að baki spurningunni og svara strax: Já en hún er nú orðin dálítið gömul. Svarar sú stutta þá af bragði: **Já eins og þú.** Já það eru sannarlega forréttindi að fá að starfa með nemendum sem kunna að koma orðum að hugsunum sínum umbúðalaust.

*Lára Gunnís Magnúsdóttir*



## Bókasafn Varmahlíðarskóla

### Starfsskýrsla

Bókasafnið var opið eftir hádegi á þriðjudögum og allan skóladaginn, miðvikudag og fimmtudaga. Þá gátu nemendur skólans og starfsfólk fengið bækur að láni. Nemendur 1. – 4. bekkjar fengu bókakassa lánaða til að hafa í stofunum og var skipt um þá annað slagið. Einnig fengu margir bekkir



Bókasafn Varmahlíðarskóla

tímaritaöskjur að láni til skemmri tíma og var Andrés Önd vinsælastur. Ekki var auglýstur sérstakur opnunartími fyrir almenning en nokkrir nýttu sér þó að fá bækur að láni.

Á safninu er gott úrval skáld- og fræðiritra, bæði fyrir börn og fullorðna og nokkuð er til af hljóðbókum. Þar er einnig að finna tímarit og mynddiska. Fjárframlög til safnsins frá rekstrar- aðilum skólans hafa jafnan verið rausnarleg og gert okkur kleyft að bæta verulega við safn- kostinn á hverju ári.

Nemendur 1. - 6. bekkjar voru í formlegri safnkennslu, einn tíma á viku, og eldri nemendur fengu aðstoð við heimildaöflun ýmiss konar og gátu unnið á safninu eftir þörfum. Einnig var safnið mikið notað til sérkennslu ýmiss konar og kennslu yngri barna. Listaverk nemenda eru jafnan höfð til sýnis á bókasafninu.

Nemendur 1.- 3. bekkjar unnu að ýmsum safnaverkefnum og hlustuðu á sögur, auk mynd- gerðar. 4. og 5. bekkjar unnu verkefni með Barnaorðabókinni, 6. bekkjar unnu áhuga- sviðsverkefni og æfðu sig í upplýsingaleit á neti t.d. um lönd að eigin vali.

Nemendur á yngsta- og miðstigi voru afar duglegir að fá bækur að láni á safninu. Mjög misjafnt er eftir bekkjardeildum hve börnin eru dugleg að lesa og virðist þar hvatning bekkjarkennara hafa mikið að segja.

Haldið var upp á *Bangsadaginn* miðvikudaginn 23. október. Þá komu margir bangsar (og ýmis önnur kvikindi) og eigendur þeirra í heimsókn á bókasafnið.

Safnið tók þátt í *Norrænu bókasafnavikunni*, 11. – 17. nóvember, og var þemað í ár Norræn hátíð. Bækur vikunnar voru Lína langsokkur á afmæli eftir Astrid Lindgren, Veröld Soffíu eftir Jostein Gaarder og Gestaboð Babettu eftir Karen Blixen.

Vakin var athygli á þeim bókum og höfundum sem fengu viðurkenningar um veturinn og atburðum tengdum bókum.

Tíunda árið í röð bauð IBBY á Íslandi til stærstu sögustundar á landinu til þess að fagna Alþjóðadegi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Að þessu sinni var það smásagan *Haugurinn* sem höfundurinn, Gunnar Theodór Eggertsson, las upp í útvarpi allra landsmanna.

Lestraráttak stóð yfir í skólanum í allan vetur og auk þess tóku nemendur 4. og 5. bekkjar þátt í jólabókalesturspretti.

Í sumar verður bókasafnið opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, og eru nemendur hvattir til að taka þátt í *sumarlestri* á vegum Menntamálastofnunar. Af því tilefni voru nemendur

sendir heim með lestrarlandakort og foreldrabréf til kynningar. Tilgangurinn með því er að hvetja til lestrar yfir sumartímenn því það er viðurkennd staðreynd að nemendum fer oft aftur í lestri á sumrin. Verður þetta í sautjándan sinn sem boðað er til sumarlestrar og almennt hefur verið gerður góður rómur að þessu tiltæki. Allir nemendur, fjölskyldur þeirra og starfsfólk skólans eru velkomin á safnið á opnunartíma í sumar.

#### **Bókasafnið var opið sem hér segir:**

*Þriðjudaga kl. 12:00 – 16:00*


*Miðvikudaga kl. 8:20 – 16:00*

*Fimmtudaga kl. 8:20 – 16:00*

#### **Útlán veturinn 2018 - 2019**

Útlán fóru fram í landskerfi bókasafna, Gegni og voru þau alls 899 sem er þónokkur fækkun frá fyrra ári en skýrist væntanlega af því að safnið var lokað í rúmlega einn og hálfan mánuð vegna Covid 19 og útlán fóru á meðan fram í gegnum kennara og voru ekki skráð. Þá voru allmargar bækur fengnar í millisafnaláni frá Héraðsbókasafni Skagafirðinga.

#### **Sumarlestur 2019**



Sumarið 2019 var í sextánda sinn boðið upp á sumarlestur í Varmahlíðarskóla. Var hann ætlaður nemendum í 1.-5. bekk og markmiðið var að hvetja yngri nemendurnar til að lesa á sumrin. Nemendur voru sendir heim með kynningarbréf og þátttöku-tilkynningu, þar sem foreldrar voru beðnir að vera með í ráðum og hvetja börnin til að taka þátt, auk þess að hjálpa þeim að setja sér raunhæf markmið um hve mikið þau ætluðu að lesa.

43 nemendur skráðu sig til leiks, 37 tóku virkan þátt og stóðu við sett markmið. Alls lásu þessir 43 nemendur tæplega 40.311 s. eða ríflega 937 s. að meðaltali sem er mun meira en sumarið áður. Þau börn sem tóku þátt fengu viðurkenningarskjöl og bókagjöf.

Bókasafnið var opið hálfsmánaðarlega, tvo tíma í senn, alls fimm sinnum. Aðsókn var nokkuð góð og nemendum fylgdu foreldrar og systkini sem einnig fengu bækur að láni. Skráð útlán voru 220. Auk þess lásu nemendur heilmikið af bókum sem til voru heima hjá þeim eða fengnar að láni annars staðar.

Sumarlesturinn hefur fest sig í sessi og verður líklega boðið upp á hann aftur næsta sumar.

*Varmahlíðarskóla 03.06.2020, Ragnheiður Sövik*

#### **Byrjendalæsi**

Kennsluaðferðin Byrjendalæsi var kennd í 1.-3. bekk í vetur. Með henni er lestrarkennsla með öðru sniði en hefðbundin hljóðaaðferð. Aðferðin er samvirk þar sem unnið er með hlustun, lestur, tjáningu og ritun jöfnum höndum.

Byrjendalæsi er í þremur þrepum. Í fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta, í öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti lestrarnáms og í þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflega textans.

Í vetur byrjaði hver vika á lestri sögubókar. Notaðar voru vinsælar barnabækur sem innihéldu litríkar myndir og merkingarbæran texta. Unnið var með lykilorð upp úr bókinni og nemendum 1. bekkjar voru kenndir tveir stafir úr lykilorðinu. Lykilorðið var klippt í sundur og því raðað saman aftur og fundin orð í orðinu. Stafainnlögn var markviss fjóra daga í viku, þá einn stafur í senn.

Á mánudögum byrjuðum við á lestri bókarinnar. Á þriðjudögum og föstudögum var stöðva- vinna með ýmiss konar verkefnavinnu. Hina dagana var spjallað um bókina og síðan fórum við í hóp- eða einstaklingsverkefni. Á föstudögum sýndum við afrakstur vinnunnar, ef það átti við. Oft var bók vikunnar samþætt verkefnum í náttúru- og samfélagsfræði og þá unnum við gjarnan með hana í tvær vikur samfelld.

Alla vikuna var unnið með texta bókarinnar á mismunandi hátt, s.s. spil, krossgátur, orðasúpur eða sóknarskrift. Einnig voru unnin ritunarverkefni, s.s. sögugerð, leikrit, söguvegur eða bréfa- skrift. Stundum var fönðrað og teiknaðar myndir. Nemendur unnu minna í hefðbundnum vinnubókum. Þónokkuð var um stór sameiginleg hópaverkefni, þar sem afraksturinn var vegg- spjald eða eitthvað annað sýnilegt.

Formlegri stafainnlögn lauk í febrúar og þá var farið að vinna með hugtök eins og samsett orð, mismunandi merkingu sama orðs og rím.

Nemendur unnu oft í hópum eða hringekju. Kennarar eru sammála um að vinnugleði hafi einkennt nemendur en það var meiri hreyfing og erill í kennslustundum en með hefðbundinni kennsluaðferð. Með því að láta nemendur vinna í hópum þá myndast ákveðið svigrúm til að vinna ítarlega með einstaka nemendur.

Nemendur lásu í heimalestursbókum einu sinni á dag en það var ekki eina heimavinnan sem tilheyrði Byrjendalæsi, því stundum skrifuðu nemendur orð í stílabók heima, upp úr lestrar- bókunum. Einnig voru nokkur heimaverkefni tengd samþættingu Byrjendalæsis við samfélags- og náttúrufræðigreinar.

*Birgitta Sveinsdóttir, Þyrey Hlífarsdóttir og Sara Gísladóttir*

## Endurmenntun

Allt starfsfólk Varmahlíðarskóla tók þátt í fræðsludegi leik-, grunn- og tónlistarskóla Skaga- fjarðar sem haldinn var 15. ágúst í Miðgarði, Varmahlíð. Fjölbreytt skóli Norðurlands vestra tók einnig þátt í fræðsludeginum í fyrsta sinn og setti mark sitt á fjölbreytta dagskrá. Selma Barðdal fræðslustjóri setti daginn og síðan fjallaði Ingileif Oddsdóttir um stöðu og hlutverk FNV í samfélaginu. Helga Harðardóttir kynnti drög nýrrar menntastefnu Skagafjarðar og síðan dreifðist hópurinn í afar fjölbreyttar málstofur. Sigurlína Hrönn íþróttakennari var með heilsu- sprell og í framhaldi þess var formleg undirskrift fulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fulltrúa Embættis landlæknis um verkefnið Heilsueflandi samfélag. Dagskráin eftir hádegismat

var í höndum Embættis landlæknis um heilsueflandi samfélag og skólastarf. Dagskráin endaði á kynningu Sigurlaugar Rúnar Brynleifsdóttur og Bjarkar Hlöðversdóttur um að koma á reglulegum menntabúðum fyrir starfsfólk skólanna sem féll í góðan jarðveg.

#### Fræðsla innan skólans

Að hausti var lagt upp með frekari áform um teymiskennslu í skólanum á öllum aldurstigum í samræmi við ákvarðanir sem teknar voru í lok síðasta skólaárs. Kennsla og kennarateymi á yngsta stigi og miðstigi voru skipulögð með hliðsjón af því en kennarar á unglingsstigi höfðu hug á að taka lotur og samþætta námsgreinar með hliðsjón af módeli frá Langholtsskóla. Vegna innleiðingar teymiskennslu var Ingvar Sigurgeirsson fenginn til liðsinnis og ráðgjafar við starfsfólk skólans auk þess sem Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi kom að ráðgjöf. Ingvar Sigurgeirsson hélt fræðsluerindi fyrir allt starfsfólk þann 1. október um teymiskennslu og vinnubrögð í teymi.

Grunnskólarnir héldu sameiginlegan “mini” UTÍS endurmenntunardag í upplýsingatækni þann 7. nóvember. Ingvi Hrannar sá um undirbúning og skipulag. Dagskráin fól í sér erindi og stuttar vinnustofur með erlendum leiðbeinendum í bland við heimafólk. Dagurinn heppnaðist afskaplega vel og var lærdómsríkur fyrir alla. Stjórnendur skólanna hafa lýst vilja sínum til að álíka endurmenntunardagur verði á hverju ári.

Einn kennari af miðstigi, Hafdís Guðlaug, hélt áfram námi í Byrjendalæsi og kláraði tveggja ára námskeið þess í vor.

#### Ráðstefnur, námsferðir og námskeið utan skólans

Endurmenntun kennara hófst með þátttöku átta kennara í vinnustofu Samtaka áhugafólks um skólabróun, þann 14. ágúst í Reykjavík. Yfirskrift ráðstefnunnar var Snjallt skólastarf – möguleikar og áskoranir nýrrar tækni. Aðalerindi fluttu:

- Björn Gunnlaugsson: Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs. Hvernig tókst til?
- Fjóla Þorvaldsdóttir: Snjalltæknin og leikskólinn.
- Hjálmar Árnason og Sigrún Svafa Ólafsdóttir: Flippaðu eða farðu! Reynslusaga af vandinámi.
- Ingvi Hrannar Ómarsson: Snjallt skólastarf. Möguleikar og áskoranir nýrrar tækni.
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir: Leiðarlykill um stafræna hæfni snjallra kennara.

Auk aðalerinda var boðið upp á málstofur, kynningar, hugarflugsfundir, vinnustofur og menntabúðir sem efnt var til síðdegis. Þátttakendur ráðstefnunnar voru Birgitta, Hanna Dóra, Hafdís Guðlaug, Íris Olga, Lára Gunnadís, Sara G., Sigrún og Unnur Erla.

Á haustþingsdegi kennara, þann 11. október, hélt Farskólinn fræðsludag fyrir starfsfólk grunnskólanna. Ingrid Kuhlman var með erindi um hvernig auka megi vellíðan í lífi og starfi. Seinna

erindi dagsins var í höndum Eyþórs Eðvarðssonar sem fjallaði um álag, streitu og kulnun. Pennan sama dag sótti Hanna Dóra skólastjóri námstefnu Skólastjórafélagsins.

Varmahlíðarskóli fór í skólaheimsóknir til Lahti í Finnlandi dagana 12.-17. október. Í ferðina fóru 19 starfsmenn, 13 kennarar og 6 aðrir starfsmenn. Allmargir makar komu með og taldi hópurninn 32 alls. Fjórar menntastofnanir voru heimsóttar auk þess sem farið í skoðunarferðir. Frekari upplýsingar um Finnlandsferð er að finna í sér kafla vorskýrslunnar.

Á tímum kórónuveirunnar var mikil gróska í tilboðum ýmissa örnámskeiða í fjarfundi sem flest tengdust stafrænum kennsluháttum eða notkun upplýsingatækni við kennslu. All margir kennarar nýttu sér þessi námskeið.

Starfsfólk Varmahlíðarskóla og Birkilundar hafði áform um að koma saman og hlýða sameiginlega á fræðslufyrirlestur frá Farskólanum sem bar heitið “Að setja mörk”, erindi Steinunnar Ingu Stefánsdóttur sálfræðings. Vegna ástands Covid-19 og forvarnaaðgerða var samveran blásin af. Á starfsdegi 24. apríl þáðum við að hlýða á erindið í fjarfundi.

Fimm kennarar (Kristvina, Unnur, Birgitta, Sara G. og Hanna D.) sóttu UTís 2019 dagana 8.-9. nóv. UTís er ráðstefna, vinnu- og menntabúðir um upplýsingatækni í skólastarfi, haldin fyrir kennara og skólafólk til að ræða saman um skólaþróun og upplýsingatækni og deila reynslu sinni af því sem það telur vera best fyrir nám og kennslu. Fyrirlesarar voru bæði erlendir og íslenskir.

Tveir starfsmenn (Sigfríður og Sif) luku viðbótarnámi og náðu sér í kennsluréttindi.

*Hanna Dóra Björnsdóttir*

## Félagsmál í 7. - 10. bekk

Veturinn 2019-2020 var starfandi nemendaráð við skólann eins og aðra vetur og var það skipað 10 nemendum úr 7. - 10. bekk. Þeir nemendur sem buðu sig fram í 7. - 9. bekk héldu framboðsræður fyrir sína bekki og var svo kosið í hverjum bekk. Þeir nemendur í 10. bekk sem buðu sig fram til formanns, héldu sínar framboðsræður fyrir alla nemendur í 7. -10. bekk, sem síðan kusu formenn nemendaráðs.

### **Nemendaráð 2019-2020:**

Óskar Aron Stefánsson 10. bekk, formaður  
Katrín Ösp Bergsdóttir 10. bekk, formaður  
Einar Kárason 10. bekk, varamaður  
Ingbjörg Rós Jónsdóttir 10. bekk, varamaður  
Hrafn Helgi Gunnlaugsson 9. bekk

Lydía Einarsdóttir 9. bekk, varamaður  
Emilia Kvalvik Hannesdóttir 8. bekk  
Hákon Kolka Gíslason 8. bekk, varamaður  
Trausti Helgi Atlason 7. bekk  
Ragnhildur S. Guttormsdóttir 7. bekk, varamaður

Nemendaráð sá um skipuleggja félagsmál og diskótek ásamt Sólrúnu Jónu Ásgeirsdóttur sem sá um að halda utan um félagsmálin í vetur fyrir hönd skólans. Einn starfsmaður frá Húsi frítímans kom svo til aðstoðar á félagsmáladögum. Að jafnaði voru félagsmál annan hvern fimmtudag. Þau voru annað hvort frá kl. 16 -18 eða frá kl. 16 - 21, en þá var oftast einhver keppni á milli bekkja kl. 16 -18, matur kl. 18 -18:30 og svo diskótek til kl. 21.

Ýmislegt var brallað í vetur. Paintball og leikir í íþróttahúsi. Kósýspjall, bíó, playstation og spil, í skólanum. Keppnir á milli bekkja er orðin fastur liður, fótbolti, dodgeball, körfubolti, bandý og spurningakeppni eru á meðal keppna sem hefðu átt að fara fram í vetur en vegna Covid-19 náðist ekki að ljúka þeim öllum. Lokadagur félagsmála var svo 14. maí. Í ár var farið fram á Bakkaflöt í þrautabraut og loftbolta og fengum við svo hamborgara í skólanum í boði foreldrafélags Varmahlíðarskóla, heimkeyrsla var kl. 19:30.

Nemendur í 8. - 10. bekk tóku einnig þátt í ýmsum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar Friðar. Halloweenball á Hofsósi, jólaball og söngkeppni í Miðgarði, Norður-org á Akureyri og árshátíð Friðar í Ljósheimum eru á meðal þeirra viðburða. Stóra samfés var aflýst í ár vegna Covid-19.

Hús frítímans bauð upp á í vetur, eins og síðustu ár, að nemendur frá 4. bekk og uppúr kæmu á föstudögum í hinar ýmsu smiðjur þar. Frístundastrætó byrjaði í október og keyrði á föstudögum kl. 13:20 og til baka kl. 17:00. Einnig gekk skíðastrætó í Tindastól þegar þannig viðraði.

*Sólrún Jóna Ásgeirsdóttir*



## Árshátíð yngri nemenda

Miðvikudaginn 6. nóvember var árshátíð yngri nemenda haldin í Miðgarði. Sýnt var leikritið *Kardimommubærinn* eftir Thorbjörn Egner í þýðingu Huldu Valtýsdóttur. Leikstjóri var Sara Gísladóttir. Allir nemendur í 1. – 6. bekk tóku þátt í sýningunni. Nemendur 6. bekkjar byrjaðu að æfa mánudaginn 21. október. Nemendur 1. – 5. bekkjar fengu að vita hvaða lög þeir þyrftu að læra og fengu svo danskennslu við lögina í seinni vikunni sem 6. bekkur sá alfarið um. Á hádegi miðvikudaginn 4. nóvember fóru svo allir bekkir í Miðgarð og æfðu þar.

Kynnar voru nemendur í 1. bekk.

Íris Olga, Guðmundur húsvörður og Einar Örn sáu um gerð sviðsmyndar, með hjálp frá því starfsfólki og nemendum í 7. – 10. bekk sem höfðu tíma hverju sinni. Sviðsmenn voru Brynjar Blær Freysteinnsson, Þóra Emilía Ólafsdóttir, Lydía Einarsdóttir, Jóel Agnarsson og Lilja Diljá Ómarsdóttir. Tæknimenn voru Indriði Ægir Þórarinnsson, Óskar Aron Stefánsson, Einar Örn Einarsson og Stefán Gísli Haraldsson. Lífandi píanóundirleikur var á sýningu og sá Stefán Reynir Gíslason um það. Búninga og leikmuni komu nemendur með að heiman, fengu í skólanum og/eða að láni hjá starfsfólki.

Vel á þriðja hundrað manns mættu í kaffi eftir sýningu í anddyri og sal Miðgarðs.

Leikskrárgerð var í höndum Sigrúnar Benediktsdóttur og prentuð voru 130 eintök og kláruðust þau öll. Íris Olga Lúðvíksdóttir tók árshátíðina upp og að þessu sinni var send út slóð á Youtube til að horfa á.

*Sara Gísladóttir*



## Árshátíð eldri nemenda – Slappaðu af

### Árshátíðarvalið

Val á stykki tók þó nokkurn tíma. Nemendur höfðu náttúrulega verið að velta fyrir sér möguleikum frá vorinu áður. Við skoðuðum Með allt á hreinu, Ýkt komin yfir þig, Bítlaverkin Love me do og Yfir alheiminn, svo og tvö verk sem áður höfðu verið sett upp hér; Frelsi og Slappaðu af. Eftir þó nokkra yfirlegu var það síðastnefnda valið.

Handrit var til í ljósriti hér, en í frekar lélegu eintaki þannig að allt handritið þurfti að slá inn. 2-3 nemendur, ég og Helga Sig. sáum um það.

Felix Bergsson, höfundur, gaf leyfi sitt, gegnum Messenger.


Í upphafi valstíma var helst lagt upp úr spuna-, rýmis- og karakteræfingum. Byrjað var að æfa senur úr verkinu í lok nóvember. Skipað var í nefndir eftir áhuga: sviðsmynda, búninga- markaðs- og tónlistarnefnd en þær störfuðu mismikið.

### Æfingar í skóla

Æfingatímabil eftir áramót í skóla gekk vel þegar veður leyfði, en nær þrjú dagar féllu niður vegna óveðurs. Í stað þeirra mættu 8. - 10. bekkur einn sunnudag og svo voru æfingar lengri á miðviku- og fimmtudag fyrir sýningu. Upphaflega átti að sýna á fimmtudaginn 16. janúar kl. 17 og föstudag kl. 19:00. Fimmtudagssýningin og kaffið var hinsvegar færð yfir á laugar- dag kl. 15:00. Gátu allir nema einn nemandi mætt á þá sýningu, línur þess leikara dreifðust á aðra í hópnum.

Til að byrja með tóku eingöngu 10. bekkingar þátt í æfingum, fyrir utan stöku leikara úr 9. bekk. 9. bekkingar bættust í hópinn föstudaginn 10. janúar, 8. bekkingar svo sunnudaginn 12. janúar.

ATH! Gott var að nota Keynote/myndræna leið til að sýna og æfa uppstillingar á fjölmönnum senum.



### Dans

Ingunn danskennari kom vikuna 9. - 12. desember - réttara sagt ætlaði að vera þá viku og náði að aðstoða dansnefndina við að semja á mánudegi. Næstu þrjú daga var skólahaldi aflýst vegna veðurs.

Dansnefndin samdi 2-3 dansa fyrir jólafrí og sendi Ingunni til yfirferðar. Ingunn kom svo aftur mánudaginn 6. janúar og náði að klára með nefndinni.



ATH. Nefndarmenn tóku upp alla dansa á spjaldtölvur sínar og deildu í 10. bekk svo nemendur gætu æft sig. Þá daga sem ekkert skólahald var vegna veðurs fengu svo allir nemendur 7 - 10. bekkjar aðgang að Google-möppu með dansmyndböndum og Karóki-lögum, til að æfa sig heima.

### **Búningar**

Kristvina, Þyrey og Hafdís Edda sáu yfir búninga.

### **Æfingar í Miðgarði**

Húsið var til reiðu á mánudegi í frumsýningarviku. Þann dag var skólahald aðeins til kl. 10:35 og því var ekki æft þar þann dag. Daginn eftir var ekki skóli og var því fyrst æft í Miðgarði á miðvikudegi. Þar voru nemendur úr 7.-10. bekk. Á miðvikudegi var farið yfir valin atriði, prófað að fara yfir dansa á sviðinu, fjögur lög voru sungin og reynt var að fara yfir sem flest atriði. Ekki var farið í gegnum heilt rennsli. Æft var til kl. 17:00 og fengu nemendur kaffi í skóla kl. 15:00.

Á fimmtudegi var enn unnið að því að finna búninga sem vantaði og farið yfir rennsli á hlutum verksins. Enn var unnið að útfærslu á sviðshreyfingum og skiptingu á milli atriða. Farið var einu sinni gegnum leikritið með ýmsum stoppum og svo valdir hlutar teknir aftur. Áhersla var lögð á söng og dans og tengingar við aðra hluta sýningar. Æft var til kl. 18:00. Kaffi var í skóla og svo skólabílar heim.

Á föstudegi var generalprufa kl. 10:00 og var farið í morgunmat kl. 8:15 þann dag og svo hafist handa við að æfa valda kafla fram undir kl. 10. Prufan tókst fremur vel og tók rétt tæpa tvo tíma.

Þó að æfingatímabil í Miðgarði hafi verið stutt, sem og reyndar annað æfingatímabil í skóla eftir jól, gengu sýningar vel og af einhverjum völdum var nemendahópurinn ekki stressaður jafnvel þó að langt virtist í land þegar tveir dagar voru í frumsýningu.

### **Sviðsmynd**

Sviðsmyndin var einföld þar sem sviðsmyndahönnuður var líka leikstjóri: 2 flekar báðum megin, 2 runnar, stór skjávarpi úr ramma, efnið fengið að láni hjá Árskóla og skjávarpi fenginn að láni hjá Árna Gunnarssyni. Keynote hélt utan um myndirnar.

Á miðvikudagsmorgni var unnið að því að koma upp því sem vantaði á leikmynd. Á mánu-degi hafði verið settur upp myndvarpi og tjald sem var hluti af sviðsmynd.

### **Tónlist**

Undirleikur (playback) var af youtube og síðunni x.minus.pro þar sem hægt er að breyta um tóntegundir.

Hljóðmaður kom í hús á mánudag og stillti inn þráðlausu hljóðnemana.

### **Til umhugsunar fyrir næstu árshátíð:**

- Mæli með að finna stykki ekki seinna en að vori.

- Skipa ekki aðeins nefndir meðal nemenda heldur dreifa líka ábyrgð fljótlega meðal starfsmanna; hver er ábyrgur fyrir búningum, sviðsmynd, propsum...
- Árhátíðarval - nauðsynlegt að nota í að æfa ýmis leiklistaratriði s.s. spuna, karaktersköpun... líka til að hrista saman hópinn.
- Þegar tónlist er spiluð úr tölvu mæli ég með að nota annan spilara en I-Tunes, allavega á meðan hann spilar alltaf sjálfkrafa næsta lag.
- Muna! eftir míkrófóninum við sviðið til að magna upp tal á sviði. Prófa að láta hann hanga í lofti??
- Merkja þarf öll fjóltengi skólans og MIðgarðs - varð ör-ruglingur
- Unni Maríu fylgi helst sami starfsmaður og a.m.k. einhverskonar plan
- Er hægt að óska meir eftir samstarfi við foreldra? Smink, sviðsmynd?
- Áheyrnaprufur fyrir hlutverk? Væri ekki vitlaust að skoða það.

*Trostan Agnarsson*

### Eineltisáætlun Olweusar

Í Varmahlíðarskóla var í vetur áfram unnið undir merkjum Olweusar, verkefnastjórar voru Kristvina Gísladóttir og Lára Gunnús Magnúsdóttir. Fjórir lykilmenn, Birgitta Sveinsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Lovísa Sveinsdóttir og Sólrún Ásgeirsdóttir störfuðu í skólanum í vetur ásamt verkefnastjóra. 8. nóvember, á baráttudegi gegn einelti, var nemendum skipt í tvo hópa og sýndar voru myndir með forvarnargildi.

Bekkjarfundir voru haldnir reglulega í öllum bekkjum. Vinabekkir hittust að vanda og fönnduðu saman fyrir jólin. Unnið var að hurðaskreytingum. Olweusarkönnun var lögð fyrir nemendum í 4. - 10. bekk. Niðurstöður úr könnuninni bárust í janúar og voru í kjölfarið kynntar á starfsmannafundi. Helstu niðurstöður voru einnig kynntar nemendum auk þess sem skoða má þær í gagnasafni á heimasíðu skólans.

*Lára Gunnús Magnúsdóttir*

### Finnlandsferð 12. -17. október

Föstudaginn 11. október var haldið suður og gíst á BB hótél Keflavík. Starfsfólk fór á sínum bílum og margir geymdu þá við hótelið.

Laugardaginn 12. október var flogið til Helsinkí þar sem fararstjóri tók á móti hópnum. Hann leiðsagði hópnum um land, sögu og menningu á meðan ekið var til Lathi. Þar kom fólk sér fyrir á Sokoshotel og áttaði sig á staðháttum í kringum sig. Um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

Að morgni sunnudags eftir frábært morgunverðarhlaðborð á hótelinu var haldið í skoðunarferð um borgina. Þar sýndi fararstjórinn hópnum öll helstu kennileiti Lathi. Eftir skoðunarferðina var dagurinn frjálss. Fólk kíkta aðeins í búðir, labbaði að tónlistarhöllinni og niður að höfn svo fátt eitt sé nefnt. Um kvöldið fór hópurinn svo út að borða á Viikinkiravintola Harald - víkingastað með skemmtilegri matarupplifun.

Mánudaginn 14. október var haldið af stað í skólaheimsóknir. Fyrsti skólinn, Harju grunnskólinn, sem var heimsóttur var í göngufæri frá hótelinu. Marju Markkanen skólastjóri tók á móti okkur með kynningu um skólann og síðan var skólinn skoðaður. Þetta var áhugaverður skóli og þar sem fylgst var með kennslu í yngstu hópunum um stund. Tónlistarkennslustofan þarna var eftirminnileg.

Eftir þessa heimsókn var tími fyrir smá kaffihressingu og svo var haldið af stað í rútu í Jyränkölä skólann. Kimmo Nykänen skólastjóri tók á móti hópnum. Skólinn leggur áherslu á hreyfingu og heilsu. Fyrst var hópnum skipt í smærri hópa þar sem tveir nemendur fylgdu hverjum þeirra til að skoða skólann og skólalóðina. Mikið er lagt upp úr útiveru og kennslu úti. Hópurinn fylgdist með leik nemenda í frímínútum í fallegri náttúru. Þegar inn var komið var fylgst með stöðvavinnu nemenda í náttúrufræði, íþróttastærðfræði o.fl. Það var gaman að sjá starfið í þessum skóla. Þegar skóladegi lauk settist hópurinn niður í matsal skólans og þáði hressingu og spjallaði við starfsmenn. Margt fróðlegt kom þar fram og gafst kennurum tækifæri á að spyrja kollega sína um ýmis mál s.s. námsmat, kjör kennara o.fl.

Að kvöldi mánudagsins fór hópurinn á veitingastaðinn Bistro popot og naut girnilegra kræsinga.

Upp rann þriðjudagur 15. október. Sá dagur hófst með góðum morgunverði á hótelinu og síðan var lagt af stað í rútu í Yrityskylä skólann. Skólinn er háskóli með skemmtilegri deild sem rekin er í samstarfi við atvinnulífið. Þar mæta grunnskólanemendur í eina lotu sem tengist námi þeirra í stærðfræði í þeirra grunnskóla. Áður höfðu nemendurnir unnið undirbúningsvinnu í skólanum. Í þessari lotu vinna nemendur í hópum við að stofna fyrirtæki um fyrirframgefið viðskiptamódel. Verkefnið er hannað sem keppni milli liða þannig að í lokin stóð eitt lið uppi sem sigurvegari. Nokkurskonar nýsköpun og fjármálalæsi saman í einu verkefni.

Næst var farið í LUMA skólann. Jarkko Lampiselkä skólastjóri tók á móti hópnum. LUMA Centre er þróunarmiðstöð fyrir kennara í vísinda og tæknikennslu. Þarna var afar forvitnilegt að fylgjast með nemendum gera tilraunir af ýmsu tagi. Búnaður í stofum sem tóku á móti nemendum var bæði framandi en í senn spennandi og gefur tækfæri til að kenna nemendum ýmislegt á náttúru- og vísindasviði á fjölbreyttan hátt.

Eftir skoðunarferð borðaði hópurinn hádegishressingu í mötuneyti skólans.

Svo var haldið í höfuðstöðvar skólamála í Lathi. Þar hitti hópurinn Lassi Kilponen sem fjallaði um áherslur í finnsku skólastarfi og hugmyndir þeirra um skóla með fjölbreytta notkun. Þ.e. hugmyndafræði sem gengur út á að skólinn sé miðpunktur hverfis með ýmsa þjónustu fyrir íbúana s.s. bóksafn, mötuneyti o.fl.

Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Taivaanranta grill og distillery fyrir hópinn.

Frjáls dagur var miðvikudaginn 16. október. Þá nýtti fólk sér frelsið í smærri hópum. Sumir skoðuðu sig um í Lathi og fóru í Síbelíusarhöllina, aðrir kusu að fara til Helsinki og nýta daginn þar. Enn aðrir tóku því rólega eða kíktu í búðir.

Að morgni fimmtudagsins 17. október var haldið til Helsinki með fararstjóranum fjöruga. Þar var skoðunarferð um borgina þar sem komið var við á eftirfarandi stöðum: Senate torginu, Dómkirkjunni, Höfninni, Klettakirkjunni, minnismerkinu um Sibelius, Ólympíuhöllinni, Operanoodi, Finlandia tónleikahöllinni, Þinghúsinu, Kiasma-safninu, Oodi-bókasafninu og Aðalbrautarstöðinni. Það sem sannarlega stóð upp úr í þessari skoðunarferð var Klettakirkjan.

Eftir skoðunaferðina var haldið á flugvöllin og flogið heim. Þar með lauk fræðandi og skemmtilegri ferð til Finnlands.

*Lára Gunnðís Magnúsdóttir*

## Frístund

Haustið 2019 tók í fyrsta skipti til starfa Frístund í Varmahlíðarskóla. Frístund er skólavistun hugsuð fyrir nemendur í 1.- 4. bekk eftir að skóla lýkur og er opin til kl. 16:30 alla daga, einnig er Frístundin opin á vetrar- og haustfrisdögum, og á samráðs- og starfsdögum en þá þarf að skrá börnin sérstaklega, þar sem þetta eru svokallaðir langir dagar, eða frá kl. 8:00 - 16:30 og eru þá engir aðrir nemendur í skólanum. Lokað er í jóla- og páskafríum og einnig á fræðsludegi sveitarfélagsins sem haldinn er í ágúst ár hvert.

Þetta fyrsta ár tók Frístund til starfa 26. ágúst, og vorum við með aðsetur í setustofu skólans á meðan verið var að útbúa stofu fyrir okkur á neðstu hæðinni. 11 börn skráðu sig þetta fyrsta ár, en þau voru þó ekki öll á sama tíma, mest voru þau 9 í einu.

Mjög vel gekk strax í upphafi og undu börnin sér vel í setustofunni og ekki var spenningurinn minni þegar við fluttum loksins í okkar eigið rými á neðstu hæðinni í nóvember, er það með afbrigðum gott rými og vel búið í alla staði fyrir bæði starfsfólk og börn hvað varðar leikföng og húsbúnað. Eina sem kannski mætti setja út á er að það er mjög hljóðbært þar sem gerir það að verkum að oft getur orðið nokkuð hávaðasamt þar inni, sérstaklega þegar börnin eru mörg saman komin.

Til að brjóta upp dagana höfum við bæði notað anddyrið á neðstu hæðinni, setustofuna, og farið út á leiksvæðið, sem er einstaklega notalegt, sérstaklega eftir að hlýna tók í veðri. Einnig höfum við, þá eingöngu á löngu dögum, fengið að fara í íþróttahúsið þar sem börnin fá að leika sér í frjálsum leik með ýmis leiktæki, kaðla og dýnur, finnst þeim það ákaflega skemmtilegt.

Hressingu fá börnin á hverjum degi, starfsfólk eldhússins tekur til grunn fyrir okkur og svo náum við í það sem okkur líst á af áleggi og ávöxtum. Á löngum dögum fá þau alltaf morgunmat, hádegismat og hressingu um miðjan dag sem við snæðum í matsalnum. Samstarf hefur verið um Smáraæfingar, jassballett og kóræfingar sem börn á þessum aldri

hafa aðgang að eftir að hefðbundnu skólastarfi lýkur, hefur það nýst þannig að þau byrja kannski á æfingu og koma svo stuttu seinna til okkar og öfugt. Hefur þetta gengið vel fyrir sig. Tveir skólaliðar hafa starfað í Frístund, einn sem veitir Frístundinni forstöðu og annar til aðstoðar, einnig hafa aðrir skólaliðar komið inn í ef á hefur þurft að halda. Erum bæði við og börnin ánægð með veturinn og hlökkum til að byrja að nýju á næsta skólaári.

*Linda Gunnarsdóttir forstöðumaður Frístundar*

*Guttormur Hrafn Stefánsson Frístund*

## Gaman saman

Gaman saman er samstarfsverkefni grunn- og leikskóla. Það byggir á gagnkvæmum heim-sóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Þetta samstarfsverkefni hefur verið með svipuðu sniði milli skólanna í allmörg ár og hefur gengið mjög vel. Allir bekkir skólans hafa farið í heimsókn í leikskólann. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þá hefur skólahópur leikskólans komið reglulega í heimsóknir í alla bekki skólans. Markmiðið er að skólahópsbörnin komi í kennslustundir í sem flestum námsgreinum skólans. Þá hafa yngstu nemendur skólans og börnin í skólahópi leikskólans farið saman í gönguferðir og boðið hvert öðru á viðburði í báðum skólunum.

Þetta skólaár var ákveðið að færa út kvíarnar og bæta við samstarf skólanna. Markmiðið var m.a. að halda félagslegu tengslunum milli nemendahópa skólanna, í ljósi teymis- og samkennslu í Varmahlíðarskóla. Haldinn var kynningarfundur í haust með foreldrum barnanna í báðum hópunum. Þar var starfið kynnt og fékk góðar viðtökur. Góð tengsl mynduðust við foreldra og voru upplýsingar í formi tölvupósta sendar heim eftir hvert skipti sem við hittumst. Ákveðið var að leggja 3 kennslustundir undir starfið, einn dag í viku, þar af ein í íþróttum. Samveran var til skiptis í skólunum. Útikennsla var nýtt, eins og veður og aðstæður buðu upp á. Verkefnin voru margvísleg, þar sem leikur og sköpun, fengu að njóta sín. Nokkrir fastir póstar voru í hvert skipti sem við hittumst. Alltaf voru teknar myndir af verkefnum, við völdum tré við báða skólana og fylgdumst með árstíðabreytingum þeirra og veðurfræðingar tóku veðrið og skráðu í sérstakt veðurskjal.

Nestistímar voru hluti af samveru okkar, hvort sem verið var úti eða inni. Gott var að hlaða batteríin og fá smá ávaxtapásu. Þar sem vinaliðafrímínútur Varmahlíðarskóla, féllu inn í samverutíma okkar, tókum við þátt í þeim þegar við vorum þar. Leikskólaval eldri nemenda lenti einnig á samstarfstíma okkar og fylgdu krakkarnir úr leikskólavalinu okkur eftir, jafnt í leik og störfum, sem og gönguferðum á milli staða.

Upphaflega var áætlað að Fanney Friðriksdóttir yrði ein í samstarfinu frá Birkilundi en fengi fylgd í ferðum milli staða og afleysingu í íþróttahúsinu, þar sem undirbúningstími okkar kennaranna var á meðan börnin voru þar. Í ljós kom, að þörf var á annarri manneskju og kom Jóhanna Sigurðardóttir til samstarfs við okkur.

Íþróttatímarnir voru úti framan af hausti. Farið var í leiki uppi á íþróttavelli, gengið um nágrennið og umhverfið skoðað. Þegar kólna fór í veðri, færði hópurinn sig inn í íþróttahúsið. Íþróttakennarinn, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, kom með þá tillögu, að allir krakkarnir færu í klefana í íþróttahúsinu og lærðu að ganga um þá. Það hefur oft tekið langan tíma fyrir suma að aðlagast þeim aðstæðum í skólabyrjun. Gekk þetta mjög vel. Fljótlega mættu flest skólahópsbörnin í íþróttafötum innan undir fatnaði og voru eldfljót að fara í gegnum klefana. Íþróttatímarnir voru yfirleitt í formi stöðvavinnu, þar sem reyndi á margvíslega færni sem og margvíslegra hópleikja. Á vordögum var svo farið í sameiginlegan sundtíma.

Teljum við að þetta verkefni hafi gengið mjög vel og hefur mikil gleði fylgt samverunni í vetur.

*Birgitta Sveinsdóttir*

## Grettissund 2019

Grettissund ársins fór fram fimmtudaginn 29. ágúst, og var jafnframt afmælishátíð sundlaugarinnar í Varmahlíð en þann 27. þess mánaðar voru 80 ár liðin frá því að laugin var vígð. Hátíðahöld fóru fram þennan dag. Börn í Varmahlíðarskóla höfðu undirbúið dagskrá undir stjórn kennara. Gerðar höfðu verið myndskreytingar, viðtöl tekin við þá sem verið höfðu í sundnámi gegnum tíðina og æfðir dansar og sönglög til þess að flytja á hátíðinni.

Hátíðin sjálf fór að mestu fram í íþróttahúsinu. Dagskráin hófst með því að skruðganga nemenda kom inn í íþróttasalinn og marseraði við undirleik hljómsveitar úr Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Á eftir voru flutt fáein ávörp. Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri, ávarpaði samkomuna, hátíðarræðu hafði Sigurður Haraldsson á Grófargili undirbúið, en í forföllum hans flutti Lydía Einarsdóttir, nemandi í 9. bekk, ræðuna. Fulltrúar sveitarfélaganna fluttu tölu og einnig tók fólkið í afmælisnefndinni, Trostan og Sigurlína stuttlega til máls.

Þar á eftir flutti Elsa María Guðmundsdóttir fulltrúi frá Sundsambandi Íslands ávarp og gaf lauginni áletraðan platta með árnaðaróskum.

Eftir formlega dagskrá var boðið til hátíðarkaffis og gestum bauðst þá að hlýða á viðtöl sem tekin höfðu verið og að skoða annað sem nemendur höfðu undirbúið.

Veður var fremur gott, norðangola og hiti viðunandi, en þó var talið heppilegra að hafa sem mest af dagskránni inni, þar eð vitað var að kuldi sækti að fólki við langa bið á bakkanum, enda kom í ljós að áhorfendum kólnaði við að horfa á sundið.

Síðast á dagskrá var Grettissundið. Keppt var um bikarinn sjálfan í síðasta sinn því að nú hefur honum verið komið fyrir í glerskáp í sundlauginni og verður hann þar til sýnis.

Keppendur í Grettissundi voru tveir og voru tímar þeirra eftirfarandi:

Steinar Óli Sigfússon 10:22:90

Óskar Aron Stefánsson 12:32:90

Steinar hlaut sæmdarheitið Sundkappi Skagfirðinga, Grettisbikarinn fékk hann ekki til varðveislu, þar eð hann hefur verið tekinn úr umferð, en til eignar hlaut hann lítinn bikar.

Um nokkurt árabil hefur verið keppt um Kerlinguna í Drangeyjarsundi. Keppendur í ár voru:

Sarah Jane Emily Caird-7:55:06

Selma Barðdal 10:48:80

Árný Lilja Árnadóttir 14:35:64

Sarah fékk Kerlinguna til varðveislu fram að næsta sundi og eignarbikar að auki og ber því sæmdarheitið Sundkona Skagfirðinga fram að næsta sundi.

Dómarar voru Birgir Guðjónsson og fulltrúi Sundsambandsins.

*Sigurlína Hrönn Einarsdóttir og Trostan Agnarsson*





## Heilsueflandi grunnskóli

Í heilsueflandi teymi sitja: Bryndís Bjarnadóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, Lára Gunnús Magnúsdóttir, Hanna Dóra Björnsdóttir og fulltrúi foreldra er Merle Storm. Fulltrúar nemenda voru Steinar Óli Sigfússon og Lilja Diljá Ómarsdóttir.

Markmið vetrarins var nemendur og hreyfing.

Í skólabyrjun voru hreyfidagar þar sem boðið var upp á hreyfingu af ýmsu tagi en áherslan var á afmæli sundlaugarinnar og unnu nemendur ýmis verkefni tengd því, æfðir voru dansar og söngur og heimildavinna um sögu sundlaugarinnar unnin. Nemendur voru hvattir til að taka þátt í Grettissundinu á sundlaugarhátíðinni. Þetta var góð byrjun á skólaárinu.

Danskennsla var í desember og janúar fyrir alla árganga skólans og fengu eldri nemendur sérstaka aðstoð við að semja og æfa dansa í tengslum við árshátíðarvinnu. Óveður setti þó svip sinn á kennsluna að þessu sinni.

10. bekkur heimsótti eldri borgara á Löngumýri. Þar lásu nemendur og tóku í spil. 7. bekkjar heimsóknin féll niður vegna Covid-19. Einnig féll forvarnafræðsla hjúkrunarfræðings niður af



sömu ástæðu. Nemendur 9. bekkjar fóru í skólabúðir að Laugarvatni en það er verkefni sem vonandi er komið til að vera þó skólabúðirnar séu komnar á nýjan stað.

Hreyfidagar að vori tókust með glæsibrag. Skólinn tók þátt í hreyfiviku UMFÍ og skráði tíu viðburði þangað inn.

*Bryndís Bjarnadóttir, Lára Gunnís Magnúsdóttir, Sigurlína Hrönn Einarsdóttir*

## Heilsugæsla

Viðvera hjúkrunarfræðings í Varmahlíðarskóla var einu sinni í viku, þriðjudaga frá kl. 9:00 - 12:00. Viðveran var aðeins öðruvísi í vetur vegna ófyrirséðra atvika svo sem veðurs og svo vegna Covid faraldursins.

Lauk við allar skoðanir og mest af fræðslunni, tek það upp sem ekki náðist núna strax næsta haust.

Verkefni hjúkrunarfræðings eru m.a. líkamsskoðanir hjá nemendum í 1., 4., 7. og 9. bekk og bólusetningar samkvæmt skema frá Landlæknisembættinu.

Þá er heilbrigðisfræðsla í 1. og 2. bekk þar sem fjallað er m.a. um handþvott, tannvernd og fræðslu um hjálma. Kynfræðsla og fræðsla um kynheilbrigði í 6., 7., 9. og 10. bekk. Fræðsla um tannheilsu og tannburstun í 1., 4. og 7. bekk og um hollustu og hreyfingu í 3., 5. og 8. bekk, einnig um líkamsímynd í 8. bekk. Fræðslan er í samráði við bekkjarkennara, náttúrufræðikennara, heimilisfræðikennara og fleiri.

Á viðverutíma leita nemendur til hjúkrunarfræðings með ýmis mál. Algengast er eftirlit með smásárum, minni háttar tognunum og þess háttar, beiðnir um eftirlit eins og t.d. að mæla hæð og þyngd sem og að athuga sjónskerpu.

*Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur*

## Hólar í Hjaltadal – 9. bekkur mars 2020

Undanfarin ár hafa 1. árs nemar á hestabraut á Hólum í Hjaltadal boðið nemendum í 9. bekk að koma á námskeið hjá sér. Þetta verkefni er hluti af lokaverkefni 1. árs nema og óhætt er að segja að þetta framtak sé til mikillar fyrirmyndar þar sem metnaður, umhyggja, þolinmæði og áhugi eru í fyrirrúmi.

Nemendur dvöldu frá mánudegi til fimmtudags frá 9 að morgni til 15:00. Nemendum var skipt í hópa eftir kunnáttu og getu á sviði hestamennsku. Verkefnin voru margvísleg, bæði verkleg og bókleg. Einn kennari og stuðningsfulltrúi fylgdu hópnum hvern dag.

Skipulag og fyrirkomulag er til fyrirmyndar og flestir ef ekki allir nemendur hafa verið ánægðir með þessa daga.

*Ólafur A. Sindrason*

## Laugarvatn – dvöl 9. bekkjar haustið 2019

Nemendur í 9. bekk, 13 talsins, fóru í ungmennabúðir að Laugarvatni ásamt umsjónarkennara og íþróttakennara. Brottför var á mánudegi 28. október og komið heim á föstudegi 1. nóvember.

Sú nýbreytni varð á að Grunnskólinn austan Vatna og Varmahlíðarskóli sameinuðust í rútuferð og deildu ábyrgð á hópnum sem einni heild. Það fyrirkomulag þótti takast mjög vel. Nemendum skólanna var blandað í herbergi að einhverju leyti.

Fyrir hópnum austan Vatna var Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir - röggsöm kona og stjórnsmátt í betra lagi; hinn besti ferðafélagi.

Nemendum var skipt í hópa og unnu þeir að ýmsum verkefnum sem höfðu þau markmið að efla sjálfstraust og einnig var unnið mikið með hópefli. Hópavinna fór bæði fram inni og úti, farið var í ýmsa leiki, gönguferðir og útileiki.

Reglur á Laugarvatni eru í senn margar og strangar. Til að mynda var harðbannað að vera með síma eða sætindi og refsstig gefin ef slíkt var gert upptækt.

Nemendur voru ýmist tveir eða fleiri saman á herbergi og þeir sem áttu snyrtilegustu herbergin fengu viðurkenningu fyrir, að sama skapi var hægt að fá refsstig ef reglum var ekki fylgt eftir eða umgengni ábótavant. Nemendur og starfsfólk hjálpuðust að við skömmtun á mat og einnig við frágang. Starfsfólk skiptist á að taka kvöld – og næturvaktir.

Skólinn tekur þátt í kostnaði fyrir dvölinni, einnig greiða nemendur úr eigin vasa ásamt því að selja vöflur á samráðsdögum til fjáröflunar.

Nemendur voru allir sammála um að dvölin hefði verið vel heppnuð og langaði í raun ekki aftur til baka í hversdagslegt skólalífið!

*Ólafur Atli Sindrason*

## Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk

Við hófum upplestrarkeppnina með æfingum í febrúar.

- Við skráðum okkur til leiks um miðjan janúar 2020 og fengum þá senda textana sem lesa skyldi.
- Höfum upp frá því æft einu sinni til tvisvar í hverri viku.

Upplestrarhátíðin sjálf var svo haldin þriðjudaginn 12. maí í setustofunni. Viðstaddir voru nemendur í 3. bekk og starfsfólk.

Af óviðráðanlegum aðstæðum vegna Covid-19 veirunnar, var viðburðinum streymt í gegnum Google Meet til foreldra. Einnig voru æfingar með óvenjulegum hætti á meðan samkomubann var og skólalald takmarkað. Sara Gísladóttir sá um æfingar á meðan samkomubann var þar sem Hafdís Skúladóttir vann heima.

Nemendur í 4. bekk settu hátíðina og fjórir nemendur úr 3. bekk sáu um hljóðfæraleik á milli atriða.

Gerður var góður rómur að upplestrinum og börnunum klappað lof í lófa í lokin. Það voru stoltir nemendur sem buðu gestunum upp á pitsusnúða og safa.

Það er okkar mat að vel hafi tekist til og ekkert nema ánægja fylgt þessu verkefni. Leggjum við því til að þessi viðburður verði árlegur í skólastarfinu hér í Varmahlíðarskóla.

*Hafdís Guðlaug Skúladóttir og Sara Gísladóttir*

## Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2019-2020 var námsráðgjafi í 50% starfi við Varmahlíðarskóla. Helstu verkefni hans voru einstaklingsviðtöl við nemendur og fræðsla í bekkjum um nám og störf, námstækni og framhaldsskólakerfið. Einnig má nefna þátttöku í bekkjarfundum og vinnu með samskipti og hópefli í nokkrum bekkjum. Námsráðgjafi sinnti ráðgjöf við kennara auk þess sem hann sat Nemendaverndarráðsfundi.

Nemendur 10. bekkjar fóru í heimsókn í FNV ásamt öðrum 10. bekkjum á Norðurlandi vestra, skoðuðu skólann, heimavistina, íþróttahúsið, borðuðu í mötuneytinu og enduðu á því að sjá leiksýningu nemendafélagsins, Mamma mia. Kynningarfundur var haldinn í samstarfi við FNV þar sem nemendur 9. og 10. bekkjar, ásamt foreldrum þeirra, fengu kynningu á skólanum. Fulltrúar FNV kynntu námsframboð og félagslíf skólans. Til stóð að nemendur í 10. bekk færu í starfskynningar í vetur en vegna Covid-19 varð því miður ekkert úr því.

*Helga Rós Sigfúsdóttir*

## Nýsköpunarkeppni grunnskóla

Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig megi þroska hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir.

Í vetur tókum við enn og aftur þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda. Verkefnið var kynnt nemendum í 5., 6. og 7. bekk. Nemendur höfðu frjálst val um hvort þeir tækju þátt eða ekki, nokkrir kusu að taka þátt, ýmist sem einstaklingar eða í pörum. Þá fengu nemendur tíma með kennara í kennslustundum í náttúrurfræði til að vinna að hugmynd. Það kom svo á daginn að tveir nemendur úr Varmahlíðarskóla, þeir Vignir Freyr Þorbergsson og Eiríkur Jón Eiríksson í 6. bekk, fengu viðurkenningarskjal, undirritað af Menntamálaráðherra fyrir hugmynd sína Höggjálmurinn. Engar vinnustofur voru í ár vegna Covid - 19.

*Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir*

## Sérkennsla og stuðningur við nemendur

Til að mæta ólíkum þörfum nemenda býður Varmahlíðarskóli upp á sérkennslu og stuðning af ýmsu tagi. Sérkennslu og stuðning við nemendur annast kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar skólans. Sérkennsla/stuðningur getur verið kennsla einstaklinga eða lítilla hópa og fer fram í bekkjarstofu eða í

sérkennslustofum, allt eftir því sem þykir henta hverju sinni. Stuðningsfulltrúar vinna með kennurum og veita einstökum nemendum stuðning, jafnt í kennslustundum sem utan þeirra, t.d. í matsal, í frímínútum og í íþróttahúsi. Umsjón með sérkennslu/stuðningi til áramóta hafði deildarstjóri stoðþjónustu, Sara Regína Valdimarsdóttir. Í leyfi hennar eftir áramót hafði Lára Gunnvör Magnúsdóttir umsjón með stuðningskennslu.

Til grundvallar stuðningi liggur mat á stöðu einstakra nemenda, unnið innan skólans, eða greining frá viðurkenndum greiningaraðilum, svo sem sérkennara (lestrargreining) og/eða sálfræðingi Fræðsluþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingi, Greiningarstöð ríkisins og öðrum. Einn liður í að greina erfiðleika og þörf fyrir stuðning er að skima nemendahópa. Kennarar skólans nýta sér skimunarpróf úr Skagafirsku skimunarmöppunni en allir grunnskólar Skagafjarðar vinna skv. henni. Lesferill, lestrarpróf sem gefin eru út af Menntamálastofnun eru lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans. Hér er yfirlit yfir þau skimunarpróf og prófniðurstöður sem skólinn nýtti sér s.l. skólaár:

- Leið til læsis í 1. bekk. Skimun í október.
- Lesferill. Leshraðapróf lögð fyrir í öllum bekkjum grunnskólans í september, janúar og maí. Fylgiprófin sjónrænn orðaforði, nefnuhraði og orðleysur eru lögð fyrir í ákveðnum árgöngum.
- LOGOS lestrarskimun í 3., 6. og 9. bekk fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksviðmiðum Lesferils um leshraða.
- Hraðapróf í lestri (atkvæðapróf) 4-5 sinnum að vetri í 2.-7. bekk.
- Talnalykill (stærðfræðiskimun) eftir áramót í 6. bekk.
- Lesskilningsprófið Orðarún að hausti í 3.-8. bekk.
- Aston Index stafsetningarathugun í 2.-7. bekk að hausti.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk.

Úrræði skólans við sérkennslu/stuðning eru margvísleg og miðast við hvern og einn einstakling eða hóp.

Í vetur var starfrækt sértækt úrræði fyrir einn nemanda á Reynilandi, litlu húsi á leikskólalóð Birkilundar. Úrræðið var starfrækt frá október – mars. Tveir starfsmenn sinntu nemandanum hverju sinni.

Fyrir sérhvern nemanda sem einhvers stuðnings nýtur er gerð einstaklingsáætlun. Ávallt er gengið út frá bekkjarnámskrá og einstaklingsnámskrá löguð jafnt að henni sem þörfum einstaklings. Þegar einstaklingsáætlun liggur fyrir er hún send heim til kynningar og samþykktar foreldra. Einstaklingsáætlun er metin af stuðningskennara í janúar og maí og skrifuð skýrsla. Sem dæmi um úrræði má nefna aðlögun námsefnis, notkun kennsluforrita, notkun hljóðefnis og myndefnis á Netinu, notkun vinnubóka á rafrænu formi og notkun talgervla eins og Easy Tutor og Voice Dream Reader. Með spjalddölvuáæðingu nemenda verður enn betur hægt að laga kennsluáætlað og námsefni að þörfum hvers og eins. Stundum fá nemendur fleiri verklegar greinar í stað bóklegra ef það hentar þeim betur, einnig fá nemendur aðstoð og utnumhald við heimanám. Þá fá nemendur stuðning í prófum/námsmati ef óskað er og/eða kennari metur svo, þar má nefna upplestur spurninga og skriftaraðstoð, munnleg próf, lengdan tíma og næði í sérstofu.

Lagt er kapp á gott samstarf við heimili nemenda því samhent vinnubrögð og opin umræða eru forsendur þess að góður árangur náist við stuðninginn. Í þeim tilfellum sem um mikinn stuðning er að ræða við nemendur eru haldnir reglulegir teymisfundir á 6-8 vikna fresti með foreldrum, stuðningsaðilum innan skólans og deildarstjóra stoðþjónustu auk þess sem aðrir aðilar koma inn á

fundi, svo sem ráðgefandi þroskaþjálfari frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Reynt er að koma því við að halda reglulega teymisfundi 2-4 sinnum yfir veturinn vegna allra nemenda sem sérlegs stuðnings njóta.

### Náms- og starfsráðsgjafi

Náms- og starfsráðsgjafi starfar við skólann í 50% starfi.

### Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð kom saman að jafnaði á 6 vikna fresti á starfstíma skólans.

Fundi ráðsins s.l. vetur sátu: skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur og ráðgjafi frá Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar. Megintilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði á milli aðila sem vinna með nemendum sem eiga í erfiðleikum og leita ráða til úrbóta.

### Talmeinafræðingur

Á vegum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar er starfandi talmeinafræðingur. Hann kom reglulega í Varmahlíðarskóla og sinnti nemendum auk þess að veita ráðgjöf til kennara og stuðningsaðila.

### Sálfræðingur

Sálfræðingur frá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar sinnti greiningarvinnu við skólann í vetur. Hann kemur aðeins einu sinni í mánuði hingað á svæðið. Hans vinna er því eingöngu greiningarvinna en einnig hefur hann boðið upp á símaráðgjöf við kennara einu sinni í mánuði.

Þá hefur skólinn á vegum Fjölskyldusviðs sveitarfélagsins aðgang að ráðgjafa sem situr nemendaverndarfundum og sinnir ráðgjöf við kennara og nemendum.

*Lára Gunnís Magnúsdóttir*



## Skólahreysti 2019-2020

Í vetur var kennd Skólahreysti í val tímum eins og fyrri ár, mjög góð þátttaka var í valinu og mikill áhugi hjá nemendum að spreyta sig í ýmsum þrautum en auk skólahreystiþrautanna eru æfðar ýmsar þol- og styrktaræfingar. Liðið til að keppa á Akureyri 3. mars var svo valið með ýmsum tímatökum og útreikningum og var keppnin hörð um að komast í liðið í ár en það fór svo að Óskar Aron Stefánsson og Lýdía Einarsdóttir urðu hlutskörpust í hraðabrautinni og Steinar Óli Sigfússon og Herdís Lilja Valdimarsdóttir í hreystiþrautum, Þóra Emilía Ólafsdóttir og Einar Kárason fóru sem varamenn. Farið var með 8.-10. bekk til Akureyrar til að styðja við keppendur í undanriðli skóla á Norðurlandi og var gríðarleg stemming í hópnum. Liðinu okkar gekk allt í haginn, voru í efsta sæti í hraðabraut og upphífungum og dýfum og stóðu þá uppi sem sigurvegarar riðilsins fjórða árið í röð við mikinn fögnuð viðstaddra. Undanfarin ár hafa 120 skólar af öllu landinu tekið þátt í Skólahreysti en vegna Covid 19 og allra takmarkana sem voru settar í samfélaginu var Norðurlandsriðill og Akureyrarriðill einu riðlarnir sem voru haldnir eins og vanalega með áhorfendum. Endanleg niðurstaða um hvernig restin af keppninni yrði framkvæmd kom ekki fyrr en seinnipartinn í maí en sá háttur var hafður á að 4 riðlar voru keyrðir á tveimur dögum í Laugardalshöllinni og voru þeir sýndir í beinni útsendingu, 6 skólar úr þessum riðlum ásamt okkur og Lundaskóla á Akureyri komust þá í 8 liða úrslit. Laugardaginn 30. júní var brunað suður með 4 keppendur, þar sem varamenn máttu ekki fylgja með, og keppt í Laugardalshöllinni, var keppnin sýnd í beinni útsendingu. Liðið okkar stóð sig mjög vel og endaði í 7. sæti þetta árið.

*Sigurlína Einarsdóttir*

## Skólustarf á Covid tímum

Umgjörð skólustarfsins tók miklum breytingum með samkomubanni og tilheyrandi óvissu. Nýjar reglur tóku gildi og við brugðumst við þeim með ýmsum ráðum. Við stóðum skyndilega frammi fyrir nýjum verkefnum af þeim toga sem ekkert okkar hafði áður reynt.

Dagskipulag var með öðrum hætti en venjulega. Kennslan var endurskipulögð og færri námsgreinar kenndar, hver námshópur var í sinni stofu, inngangar voru aðskildir og reynt var að takmarka samneyti sem mest. Áherslur voru ólíkar eftir aldri nemenda.

Til þess að koma til móts við fjöldatakmörkanir í skólabílum var fyrirkomulag eftirfarandi: 7.-9. bekkur mættu einungis 2 daga í viku, 10. bekkur 3 í viku, 5.-6. bekkur 4 sinnum í viku og 1.-4. bekkur 5 daga í viku. Allnokkrir mættu ekki neitt þessar vikur og unnu alfarið heima.

Mötuneytið stafaði þannig að framreiddur var hádegismatur sem snæddur var í kennslustofum og nemendur komu með nesti í morgunhressinguna. Notaleg stemming skapaðist í stofunum þegar matarvagnarnir komu með hádegismatinn og hver og einn naut matarins við sitt borð. Oft voru nestis- og matartímarnir notaðir í spjall eða hlustun á tónlist eða sögu. Stemningin var önnur en við erum vön, framandi í fyrstu, en varð síðan eins eðlileg og hvað annað sem við tileinkum okkur. Handþvottur og spritt settu svip sinn á skólustarfið.

Kennarar stóðu frammi fyrir nýjum áskorunum og nýttu tæknina við kennslu. Af fagmennsku sinnu þeir kennslunni á fjölbreyttan hátt. Kennarinn á bak við skjáinn gat verið að kenna bekkjarhóp í kennlustund í skólanum, með nokkra nemendur heima sem tóku þátt í kennlustundinni í fjarfundum og síðan voru að auki jafnvel 2-3 sem ekki tengdust kennslunni í rauntíma en sendu fyrirspurnir og fengu leiðbeiningar á öðrum tíma.

Fundahöld starfsmanna fóru í gegnum tölvuskjái.

Við vorum ágætlega undirbúin fyrir þessa stóru áskorun. Á þessum vikum sýndu nemendur hversu snjallir þeir eru að tileinka sér tæknina. Nám með þessum takmörkunum gefur okkur aðra nálgun en nám sem stundað er í skólanum á hefðbundin hátt. Allt gekk þetta ótrúlega áreynslulaust fyrir sig en breyting starfshátta og vinnubragða var umtalsverð. Þá var kappkostað að ná til allra og mæta hverjum og einum eins vel og hægt var.

Því þrátt fyrir kappsmikil markmið um árangur í námi, þá eru það ekki síður tengslin sem eru eitt það mikilvægasta í skólastarfinu. Þessi tengsl okkar við hvert annað. Tengsl milli starfsfólks, milli kennara og nemenda og tengsl á milli nemenda. Þessa daga sem starfsemi skólans var skert og hólfuð niður, fundum við á eigin skinni hversu mikilvægt það er að rækta öll okkar samskipti af alúð og alvöru og viðhalda góðum tengslum. Það eykur vellíðan sem síðan hefur aftur áhrif á árangurinn.

*Lára Gunnús Magnúsdóttir og Hanna Dóra Björnsdóttir*

x

## Stóra upplestrarkeppnin

Undirbúningur þessarar keppni hefst að hausti og er fyrsti áfanginn alla jafna sá að lesa upp texta þann 16. nóvember á hátíð sem haldin er þann dag. Nokkur hefð er komin á samstarf við Skagfirsku kammerkórinn sem venjulega heldur tónleika þann dag.

Í ár var samkoman haldin í Kakalaskála og fluttu nemendur þar kafla úr þjóðsögum Jóns Árnasonar. Samkoman var allfjöldmenn þar sem hún var einnig útgáfuhóf ljóðabókar Sigurðar Hansen.

Eftir þennan áfanga tók við æfingatímabil sem var óvenju langt vegna illviðra og veikinda og dróst því úr hömlu að halda lokakeppni skólans. Hún var loks haldin þann 4. mars. Nemendur lásu þar sögukafla eftir Gunnar M. Magnúss, ljóð eftir Huldu og svo fékk hver lesari að velja eitt ljóð að eigin vali.

Nemendur 7. bekkjar eru 10 og bjuggu sig allir undir að taka þátt, en nefndan dag var einn veikur svo að lesarar voru 9. Áhorfendur voru u.þ.b. 30.

Athöfninni stýrðu þrír nemendur úr 8. bekk sem höfðu farið árið áður sem fulltrúar skólans í lokakeppnina. Það voru þau Ísak Agnarsson, Hákon Kolka Gíslason og Emilia Kvalvik Hannesdóttir.

Á milli atriða lék hljómsveit tvö lög. Hljómsveitina skipuðu Bríet Bergdís Stefánsdóttir, Telma Sjöfn Sigurðardóttir og Hallgerður Harpa Vetrarrós Þrastardóttir sem reyndar var fjarverandi þennan dag og hljóp Stefán R. Gíslason í skarðið.

Eftir tónlistaratriðin tók Ingibjörg Hafstað, formaður dómnefndar, til máls og tilkynnti hverjir yrðu fulltrúar skólans á lokakeppni. Aðalmenn voru Kolbeinn Maron Laufeyjarson Bjarnason og Ragnhildur Sigurlaug Guttormsdóttir og varamaður Trausti Helgi Atlason.

Auk Ingibjargar sátu Ólafur Atli Sindrason og Laufey Leifsdóttir í dómnefnd.

Eftir að viðurkenningar höfðu verið veittar og ljósmyndun var lokið var gengið að vöflukaffi sem 8. bekingarnir Trausti Ingólfsson, Áróra Ingibjörg Birgisdóttir og Bryndís Erla Guðmundsdóttir höfðu undirbúið.

Vegna óviðráðanlegra aðstæðna var ekki hægt að hafa lokakeppnina á ætluðum tíma og buðu aðstæður ekki upp á að af henni yrði á vordögum. Allir máttu þó vel við una þar eð lokakeppnin er ekki takmark í sjálfu sér heldur æfingin fyrir hana. Má því segja að lesarar hafi búið sig undir ferð sem aldrei var farin.

*Trostan Agnarsson*

## Tölvu- og upplýsingatækni

Á yngsta stigi (í 1.-3. bekk á núverandi skólaári) var iPad tækjum fjölgað í 1:2 þannig að tveir nemendur voru um hvert tæki. Allir nemendur á miðstigi fengu iPad 1:1 sem var þannig útfært hjá okkur að hver nemandi í 4.-6. bekk hafði tæki til afnota sem var í eigu skólans og einungis notað í skólanum. Nemendur í 7.-10. bekk voru áður komnir með iPad 1:1 og eiga allflestir sjálfir sín tæki. Ingvi Hrannar Ómarsson kennsluráðgjafi var í leyfi á skólaárinu. Skólarnir í Skagafirði komu sér saman um að setja saman fulltrúa í teymi upplýsingatækni, Álfhildur Leifsdóttir fyrir hönd Árskóla átti að leiða vinnu teymisins og veita liðsinni. Þau áform gengu ekki alveg eftir eins og til stóð sökum margs. Það sýndi sig hins vegar á tímum kórónuveiru og breyttra starfshátta í skertu skólastarfi að við erum vel búin tækjum og þekkingu í skólanum.

ChromeBook tölvur skólans í nemendanotkun eru 39 stk. Einnig á skólinn 4 MacBook fartölvur sem hafa ásamt Chromebook verið til útláns í bekkina eftir þörf. Í tölvustofu eru 15 PC borðtölvur. Allar Chromebook tölvurnar eru því komnar á vagna og hefur dagleg notkun tækjanna aukist verulega í kennslustofum skólans.

Innkoma iPada og Chromebook í skólastofurnar hefur breytt vinnu- og námsumhverfi nemenda til muna. Lagt er upp með að tæknin og tækin séu námstæki og að ný vinnubrögð auki fjölbreytni og möguleika til einstaklingsmiðunar í námi. Að áherslan aukist á nemandann og vinnubrögð hvers og eins.

Á næsta skólaári er gert ráð fyrir áframhaldandi þróun kennsluhátta með auknum tækjabúnaði. Nám og kennsla er sífellt í endurskoðun með tilliti til tækni og nýrra þarfa atvinnulífs og samfélags. Ánægja er meðal nemenda, foreldra og kennara með þróun kennsluhátta og notkun tækni en það er líka brýn þörf á samvinnu og samstilltu átaki heimila og skóla. Að tækninni sé búin sú umgjörð að hún sé til gagns. Að aðilar séu samstíga í að hlúa að góðum umgengnisvenjum í meðferð tækjanna sem og í netheimum.



## Valgreinar í 8. – 10. bekk

Nemendur eru í fjórum valgreinum á hvorri önn. Hlutfall kennslustunda í vali eru um það bil 22 % af kennslu nemenda í unglingadeild. Í vetur var boðið upp á kennslu í valgreinum í 8., 9. og 10. bekk. Öllum nemendur er skylt að vera í einni listgrein og einni verkgrein á hvorri önn. Valgreinar voru fjölbreyttar og eru íþróttatengdar greinar alltaf vinsælar. Kennt var í námskeiðsformi 4 x í viku, 80 mínútur í senn. Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá framboð valgreina vetrarins.

Valgreinar - haustönn	Kennari
<b>Almenn matreiðsla</b> <b>Árshátíðarval</b> <b>Bakstur</b> <b>Íþróttaval</b> <b>Leikskólaval</b> <b>Málmsmiði</b> <b>Skólahreysti</b> <b>Smíðar og Fab Lab</b> <b>Spilastokkurinn</b> <b>Stuttmyndagerð</b> <b>Textílmennt</b> <b>Tónlistarval</b> <b>UTN fjarnám fyrir 10. bekk</b>	Bryndís Bjarnadóttir Helga Sigurðardóttir/Íris Olga Lúðvíksdóttir Bryndís Bjarnadóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Starfsfólk leikskólans Einar Örn Einarsson Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Einar Örn Einarsson Ólafur Atli Sindrason Íris Olga Lúðvíksdóttir Þyrey Hlífarsdóttir Helga Rós Sigfúsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir
Valgreinar- vorönn	Kennari
<b>Almenn matreiðsla</b> <b>Bakstur</b> <b>Heilbrigði og hreysti</b> <b>Landbúnaðarval</b> <b>Leikskólaval</b> <b>Listasmiðja</b> <b>Málmsmiði</b> <b>Náttúra og tilraunir</b> <b>Skólahreysti</b> <b>Tónlistarval</b> <b>Textíll</b> <b>UTN fjarnám fyrir 10. bekk</b> <b>Hestamennska</b> <b>Iðn- FNV</b>	Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir Bryndís Bjarnadóttir og Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Ólafur Atli Sindrason Starfsfólk leikskólans Íris Olga Lúðvíksdóttir Einar Örn Einarsson Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Sigurlína Hrönn Einarsdóttir Helga Rós Sigfúsdóttir Þyrey Hlífarsdóttir Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir Í samvinnu við Háskólann á Hólum Í samvinnu við FNV

Ný valgrein náttúra og tilraunir var kennd í vetur.

Annan veturinn í röð nýttu 7 nemendur sér valgreinina Iðn-FNV sem kennd var einu sinni í viku á skólatíma. Kennslan fór fram í FNV og fengu nemendur innsýn í iðngreinar sem þar eru kenndar. Fjögurra daga námskeið í hestamennsku hefur verið í boði fyrir 9. bekkinga á vegum nema við Háskólann á Hólum. Að þessu sinni nýttu 14 nemendur sér námskeiðið sem haldið var í febrúar.

*Lára Gunnðís Magnúsdóttir*

## Vinaliðaverkefnið

Þetta skólaár hefur Varmahlíðarskóli, eins og aðrir skólar í Skagafirði, verið þátttakandi í verkefninu Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu eins og við höfum kosið að kalla það. Sigríður Inga Viggósdóttir hefur haldið utan um verkefnið í vetur en verkefnastjórar hér hafa verið undirritaðar.

Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 6. bekk skipuleggja og stjórna leikjum í frímínútum. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa einu sinni í viku, hálf t skólaár í senn. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf m.a. leikjanámskeið og einnig umbun í formi fríðindakorts og lokahófs. Vorum við með 6 vinaliða eða tvo úr hverjum árgangi í 4. – 6. bekk, stelpu og stráka, eða 12 yfir skólaárið.

Í vetur var verkefnið einnig á unglíngastigi en þar þurfa nemendur að bjóða sig fram og valið er úr hópi þeirra sem það gera. Þess má geta að vinaliðar nýttu salinn í íþróttahúsinu.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútunum og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í morgunfrímínútum þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Vegna Covid-19 veirunnar varð hlé á Vinaliðaverkefninu frá miðjum mars til byrjunar maí. Þar sem skólastarf breyttist mikið við Covid-19 og samkomubann, þá var ekki hægt að vera með leikina á meðan.

Í maí var þakkardagur fyrir vinaliða, eldri og yngri, sem störfuðu eftir áramót. Farið var í sýndarveruleikasafnið og borðað þar. Reynsla okkar í vetur sýnir að störf Vinaliða ýta undir fjölbreyttari leiki, betri samskipti nemenda og vinskapa þvert á aldur. Gaman hefur verið að sjá hvernig nemendur skemmta sér í leik hvort sem um er að ræða gamla og góða leiki eða nýja.

*Hafdís Edda Stefánsdóttir og Rikke Busk*



## Vorferðir

### Skólaferðalag 1. og 2. bekkjar

Þriðjudaginn 19. maí, fórum við í ferðalag með 21 nemenda í 1. og 2. bekk. Með í för voru 3 kennarar, Birgitta Sveinsdóttir, Bryndís Bjarnadóttir og Þyrey Hlífarsdóttir. Nemendur mættu í sína bekkjarstofu fyrstu kennslustund dagsins, síðan var farið í morgunmat. Um klukkan 9:30 var lagt af stað. Ekið var sem leið lá í Árskóla á Sauðárkróki. Þangað fórum við með nestið og fengum að geyma það þar. Veðrið þennan dag var dásamlegt, glaða sól, lygnt og mjög hlýtt. Gengið var frá Árskóla, að sundlaug Sauðárkróks. Við sundlaugina er uppblásinn ærslabellgur, þar sem krakkarnir léku sér, en einnig fengum við að koma inn á íþróttavöllinn og leika þar nokkra stund. Einnig þótti mjög gaman, að klæða sig úr sokkum og skóm og leika sér á tánum á strandblakvellinginum. Keyptur var ís handa öllum, sem borðaður var við sundlaugina. Að ísáti loknu, var gengið aftur til baka í Árskóla. Krakkarnir fengu að leika sér frjálst á leikvellinginum við skólann og var mikil ánægja með það. Frá Árskóla var svo gengið upp í Litla skóg. Nestið var tekið með og slegið upp grillveislu í góðu rjóðri. Grillaðar pylsur, meðlæti og safi, runnu ljúflega niður. Þá var boðið upp á grillaða sykarpúða í lokin. Börnin undu þar vel við ýmsa leiki í blíðunni.

Eftir góðan dag á Sauðárkróki, var ekið til baka og lauk ferðalaginu með sundferð í sundlaugina í Varmahlíð. Það er óhætt að segja, að ferðin hafi verið afar vel heppnuð í alla staði.

Tímaplan ferðalagsins:

8:15 Kennslustund í bekkjarstofu

9:05 Morgunmatur

9:30 Brottför frá Varmahlíð

10:00 Gengið frá Árskóla að sundlauginni - ærslabelgur, íþróttavöllur, ís

10:40 Farið á leikvöllinn í Árskóla

11:15 Gengið upp í Litla skógi

11:30 Grill - pylsur (meðlæti og safi), sykurpúðar

12:00 Frjáls leikur í Litla skógi

12:30 Heimferð frá Sauðárkróki

13:00 Sund í Varmahlíð

14:00 Skóladegi lýkur - allir heim



*Birgitta Sveinsdóttir og Þyrey Hlífarsdóttir*

### Skólastarf og vorferð 3. – 6. bekkjar

Seinni hluti vetrarins var mjög sértstakur en hann litaðist verulega af heimsfaraldrinum Covid-19 eða kórónuveirunni sem barst hingað til lands í febrúar. Skólastarf breyttist með þeim hætti að margir nemendur fóru í sjálfskipaða sóttkví og voru ekki í skólanum í nokkrar vikur, þeir voru því í fjarnámi þann tíma. Vegna þessa voru ekki farin hefðbundin skólaferðalög en samt farið í stuttar vorferðir.

Einnig var skólalald fellt niður óvenju oft þennan vetur vegna veðurs og/eða ófærðar. Þá stakk inflúensan sér niður í byrjun árs og vantaði t.d. 59 nemendur einn daginn af þeim 104 nemendum sem sækja skólann.

Vorferð með 3., 4., 5. og 6. bekk var farin í Aldamótaskóginn og gróðursettar 160 plöntur. Það voru 40 birki frá Yrkjusjóði og 120 blágreni frá Laugarmýri. Á eftir var farið í leiki í blíðskaparveðri á staðnum. Þegar þessu var lokið var ekið sem leið lá í Varmahlíð, farið í Olís, þar sem allir fengu sér ís. Þaðan var gengið upp í sundlaug þar sem nemendur skelltu sér í fatasund. Þá var komið að hádegisverði í

skólanum og endaði dagurinn á bekkjarskemmtun þar sem nemendur mættu með allskonar góðgæti til að gæða sér á, á meðan þeir horfðu á bíómyndir

*Hafdís Skúla, Sara Gísla, Sigrún Ben, Sigrún Gylfa og Sólrún Ásgeirsd.*

